

Skýrsla

**mennta- og menningarmálaráðherra um framkvæmd skólastarfs
í framhaldsskólum skólaárin 2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008**

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011)

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Skólar	4
2. Nemendur	6
3. Starfsfólk	16
4. Mat	21
5. Aðstaða	22
6. Fjárveitingar til framhaldsskólastigs	23
7. Alþjóðlegt samstarf	26
8. Ný lög um framhaldsskóla	27
Niðurstöður og staða mála	28
Viðauki 1.	29

Inngangur

Samkvæmt 56. gr. gildandi laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla skal mennta- og menningarmálaráðherra gera Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum landsins á þriggja ára fresti. Sams konar ákvæði var í lögum nr. 80/1996 er giltu fyrir það tímabil sem skýrsla þessi nær til, þ.e. skólaáranna 2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008. Þetta er í fjórða sinn sem ráðherra leggur slíka skýrslu fyrir Alþingi.

Í skýrslunni er að finna margvíslegar upplýsingar um skólahlald á framhaldsskólastigi á fyrrgreindu tímabili, s.s. um fjölda skóla, nemenda og kennara, skiptingu nemenda á námsbrautir og námssvið, brautskráningar, mat á skólstarfi og fjárveitingar til framhaldsskóla. Rétt er að benda á að vegna fyrirliggjandi gagna miðast upplýsingar í skýrslunni í sumum tilvikum við almanaksárin 2005–2008. Tölfræðilegar upplýsingar í skýrslunni eru að mestu fengnar frá Hagstofu Íslands en mennta- og menningarmálaráðuneyti vann úr upplýsingunum til birtingar í skýrslunni.

Í júní 2008 samþykkti Alþingi ný lög um framhaldsskóla og komu þau til framkvæmda 1. ágúst sama ár. Það tímabil sem fjallað er um í þessari skýrslu fellur utan ramma nýju laganna en gerð er stuttlega grein fyrir helstu breytingum og áherslum í þeim lögum í lokakafli skýrslunnar.

1. Skólar

Fjöldi, stærð og gerð framhaldsskóla

Framhaldsskólar voru 35 skólaárin 2005/2006 og 2007/2008 en 34 skólaárið 2006/2007. Í skýrslu menntamálaráðherra til Alþingis fyrir tímabilið 2002/2003–2004/2005 (651. mál 133. löggjafarþings) voru skólar 38 skólaárið 2004/2005. Fækkunin sem kemur fram í þessari skýrslu skýrist að mestu leyti af sameiningu skóla. Haustið 2005 höfðu Stýrimannaskólinn í Reykjavík og Vélskóli Íslands sameinast í Fjöltækniskóla Íslands. Starfsemi Garðyrkjuskóla ríkisins færðist til Landbúnaðarháskóla Íslands og starfsemi Tannsmiðaskóla Íslands fer fram innan Háskóla Íslands. Listdansskóli Íslands var lagður niður frá og með haustinu 2006. Nýr framhaldsskóli, Menntaskóli Borgarfjarðar, tók til starfa haustið 2007. Ekki eru taldir með skólar þar sem mestur hluti námsframboðs flokkaðist á háskólastig en buðu á því tímabili sem skýrsla þessi nær til að einhverju leyti upp á nám á framhaldsskólastigi, s.s. Landbúnaðarháskóli Íslands, Hólaskóli og Háskólinn á Bifrost. Sjá töflu 1.1 og í fylgiskjali I lista yfir framhaldsskóla skólaárið 2007/2008.

Tafla 1.1 Fjöldi framhaldsskóla eftir landsvæðum 2005/2006–2007/2008.

Landsvæði	Fjöldi skóla		
	2005/2006	2006/2007	2007/2008
Reykjavík	14	13	13
Höfuðborgarsvæði utan Rvk.	5	5	5
Suðurnes	1	1	1
Vesturland	2	2	3
Vestfirðir	1	1	1
Norðurland vestra	1	1	1
Norðurland eystra	4	4	4
Austurland	4	4	4
Suðurland	3	3	3
Alls	35	34	35

Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Flokkun framhaldsskóla í fjölbrautaskóla, iðnskóla, menntaskóla og sérskóla er aðeins að litlu leyti lýsandi fyrir námsframboð þeirra.

Frá hausti 2005 til hausts 2007 fjölgaði skólum með fleiri en 1.000 nemendur skráða í dagskóla úr sjö í tíu en á sama tíma fækkaði skólum með 800 til 1.000 dagskólanemendur úr fjórum í tvo. Skólar með 600–800 nemendur í dagskóla voru fimm haustið 2007. Skólar með 400–600 nemendur voru tveir það haust. Fámennustu skólarnir, með færri en hundrað dagskólanemendur, voru fimm haustið 2007 og skólar með 100–200 nemendur voru fjórir.

Sé miðað við heildarfjölda nemenda, þ.e. dagskóla-, kvöldskóla- og fjarnámsnemendur voru fimm skólar með um 2.000 eða fleiri nemendur skráða haustið 2007.

Kvöldskólum (öldungadeildir, meistaraskólar) hefur fækkað frá fyrri skýrslu. Þeir voru 13 skólaárið 2004/2005 en 10 skólaárið 2007/2008, þar af sex í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur. Framhaldsskólar sem buðu upp á fjarnám 2007/2008 voru jafnmargir og 2004/2005, eða 11, sjá töflu 1.2.

Tafla 1.2 Kvöldskólar og fjarnám við framhaldsskóla, skipt eftir landsvæðum 2005/2006–2007/2008

Landsvæði	2005/2006		2006/2007		2007/2008	
	Kvöldskóli	Fjarnám	Kvöldskóli	Fjarnám	Kvöldskóli	Fjarnám
Reykjavík	4	4	5	4	5	5
Höfuðborgarsvæði utan Rvk.	1	2	1	2	1	2
Suðurnes	1	1	1	0	1	0
Vesturland	0	0	0	0	0	0
Vestfirðir	1	0	0	0	1	1
Norðurland vestra	0	0	0	0	0	0
Norðurland eystra	1	1	0	1	0	1
Austurland	3	1	2	2	1	2
Suðurland	0	0	1	0	1	0
Alls	11	9	10	9	10	11

Heimild: Hagstofa Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneyti.


Símenntunarmiðstöðvar

Framhaldsskólar eiga almennt ekki aðild að rekstri símenntunarmiðstöðva sem eru 11 í landinu, þar af eru tvær á höfuðborgarsvæðinu. Framhaldsskólar eiga þó oftast fulltrúa í stjórn símenntunarmiðstöðvanna. Að starfrækslu símenntunarmiðstöðva sem eru sjálfseignarstofnanir koma m.a. faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur og sveitarfélög. Hlutverk símenntunarmiðstöðva er að miðla menntun til íbúa á viðkomandi svæðum, bæði almennu námi og starfstengdu námi svo og háskólanámi.

Skólatími

Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996, sem í gildi voru á því tímabili sem skýrsla þessi nær til, kváðu á um að kennslu- og prófdagar skyldu eigi vera færri en 145. Í reglugerð nr. 6/2001 um starfstíma framhaldsskóla og leyfisfunda segir jafnframt að kennslu og prófdagar skuli eigi vera færri en 175. Hagstofa Íslands kannar árlega fjölda kennslu- og prófadaga í framhaldsskólum. Meðalfjöldi kennsludaga 2007/2008 var 148,7. Sama skólaár var meðalfjöldi prófdaga 26,1 (sjá mynd 1.1).

**Mynd 1.1 Fjöldi kennslu- og prófdaga að meðaltali
2005/2006 - 2007/2008.**



Heimild: Hagstofa Íslands.

Skýring: Sýnir fjölda daga í 33 skólum 2005/2006 - 2006/2007 og 34 skólum 2007/2008.

2. Nemendur

Fjöldi nemenda og skipting eftir kennsluformi, námsbrautum og námssviðum

Haustið 2007 var heildarfjöldi nemenda á framhaldsskólastigi í dagskóla, kvöldskóla og fjarnámi 25.090 og hafði nemendum fjölgað um rúm 7% frá haustinu 2005 (sjá töflu 2.1). Konur voru að meðaltali um 11% fleiri en karlar af heildarfjölda framhaldsskólanemenda á tímabilinu 2005–2007.

Tafla 2.1 Heildarfjöldi nemenda í dagskóla, kvöldskóla og fjarnámi eftir námsbrautum og kyni að hausti 2005, 2006 og 2007

	2005			2006			2007		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
Almennt bóknám									
Alls	14.987	6.418	8.569	16.363	6.978	9.385	16.782	7.349	9.433
Almenn námsbraut	3.226	1.353	1.873	4.598	1.922	2.676	4.247	1.844	2.403
Náttúrufræðibraut til stúdentsprófs	4.640	2.421	2.219	4.707	2.504	2.203	4.922	2.630	2.292
Málabraut til stúdentsprófs	1.566	334	1.232	1.399	303	1.096	1.484	327	1.157
Félagsfræðibraut til stúdentsprófs	4.720	1.894	2.826	4.563	1.711	2.852	4.586	1.773	2.813
Viðskipta- og hagfræðibr. til stúdentsprófs	251	109	142	581	273	308	870	439	431
Alþjóðabraut til stúdentsprófs	190	68	122	135	56	79	97	50	47
Upplýsinga- og tækni-br. til stúdentsprófs	44	36	8	23	21	2	31	31	0
Viðbótarnám til stúdentsprófs	136	70	66	123	44	79	197	69	128
Frumgreinadeild	214	133	81	234	144	90	348	186	162
Starfsnám									
Alls	8.356	4.755	3.601	8.096	4.462	3.634	8.308	4.616	3.692
Uppeldi og þjálfun	159	3	156	174	1	173	256	2	254
Listir, hönnun	1.475	530	945	1.508	483	1.025	1.499	507	992
Skrifstofustörf, viðskipti	927	338	589	705	238	467	543	179	364
Upplýsingatækni	258	242	16	228	213	15	225	200	25
Framleiðsla, tækni, mannvirkjagerð	3.101	2.876	225	3.124	2.868	256	3.309	3.037	272
Landbúnaður	139	53	86	149	61	88	142	59	83
Heilbrigði, velferð	865	60	805	939	57	882	987	65	922
Þjónusta	1.432	653	779	1.269	541	728	1.347	567	780
Framhaldsskólastig samtals	23.343	11.173	12.170	24.459	11.440	13.019	25.090	11.965	13.125

Heimild: Hagstofa Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Fjöldi nemenda í dagskóla framhaldsskólanna var 19.985 haustið 2005 en var orðinn 21.179 haustið 2007 (sjá töflu 2.2). Fjölgunin nemur um 6%. Meðtaldir eru nemendur í starfsþjálfun sem ekki voru skráðir í skóla.

Í almennu bóklegu námi voru flestir dagskólanemendur á náttúrufræðibrautum og félagsfræðibrautum á því tímabili sem um ræðir, sjá töflu 2.2. Í kvöldskóla og fjarnámi var almenn námsbraut fjölmennasta námsbrautin sem skýrist að mestu leyti af því að fjarnámsnemendur voru flestir af tæknilegum ástæðum skráðir á þá námsbraut. Næst fjölmennasta námsbrautin í kvöldskóla og fjarnámi samanlagt var félagsfræðibraut (sjá töflu 2.2).


Fjölmennasta námssviðið í starfsnámi var framleiðsla, tækni og mannvirkjagerð, bæði meðal dagskólanemenda og nemenda í kvöldskóla. Næstfjölmennustu námssviðin í starfsnámi í dagskóla voru listir og hönnun, og þjónusta. Í kvöldskóla og fjarnámi var námssviðið heilbrigði og velferð næstfjölmennasta sviðið. Fámennustu sviðin miðað við heildarfjölda nemenda í starfsnámi voru landbúnaður og uppeldi og þjálfun (sjá töflu 2.2).

Tafla 2.2 Fjöldi nemenda eftir kennsluformi og námsbrautum að hausti 2005, 2006 og 2007

Námsbrautir	2005			2006			2007		
	Dag-skóli	Kvöld-skóli	Fjar-nám	Dag-skóli	Kvöld-skóli	Fjar-nám	Dag-skóli	Kvöld-skóli	Fjar-nám
Almennt bóknám									
Alls	12.865	854	1.268	13.822	746	1.795	14.167	640	1.975
Almenn námsbraut	2.099	449	678	2.643	421	1.534	2.438	353	1.456
Náttúrufræðibraut	4.479	51	110	4.625	28	54	4.805	36	81
Félagsfræðibraut	4.059	285	376	4.180	231	152	4.106	179	301
Málabraut	1.432	40	94	1.312	46	41	1.394	45	45
Viðskiptabraut	250	0	1	576	0	5	856	0	14
Alþjóðabraut	188	2	0	134	1	0	96	1	0
Upplýsingabraut	41	3	0	21	2	0	29	2	0
Viðbótarnám	103	24	9	97	17	9	136	24	37
Frumgreinadeild	214	0	0	234	0	0	307	0	41
Starfsnám									
Alls	7.120	893	343	6.821	844	435	7.012	719	577
Uppeldi og þjálfun	99	57	3	125	45	4	199	30	27
Listir, hönnun	1.372	17	86	1.413	29	66	1.380	27	92
Skrifstofustörf, viðskipti	749	128	50	452	136	117	392	73	78
Upplýsingatækni	241	10	7	219	3	6	203	1	21
Framleiðsla, tækni, mannvirkjagerð	2.652	424	25	2.704	392	28	2.852	341	116
Landbúnaður	103	0	36	99	0	50	105	0	37
Heilbrigði, velferð	539	207	119	595	199	145	584	218	185
Þjónusta	1.365	50	17	1.214	40	19	1.297	29	21
Allar brautir samtals	19.985	1.747	1.611	20.643	1.590	2.230	21.179	1.359	2.552


Heimild: Hagstofa Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Mynd 2.1 sýnir skiptingu framhaldsskólanemenda eftir bóknámi og starfsnámi. Haustið 2005 var hlutfall nemenda í starfsnámi 36% en var 33% hausti 2006 og 2007, sem er svipað því hlutfalli sem almennt hefur verið á framhaldsskólastigi undanfarin ár. Hlutfall starfsnámsnemenda er miklu lægra en almennt gerist í nágrannalöndum.



Skipting nemenda eftir kyni og aldri

Á tímabilinu 2005 til 2007 var kynjaskipting ójöfn á mörgum námsbrautum og náms sviðum framhaldsskólans. Haustið 2007 voru konur 56% nemenda í almennu bóknámi í heild og 44% í starfsnámi. Á náttúrufræðibrautum voru karlar um 53% nemenda haustið 2007. Konur voru hins vegar 78% nemenda á málabrautum á sama tíma. Á námssviðinu framleiðsla, tækni, mannvirkjagerð voru um 92% nemenda karlar haustið 2007. Sama ár voru konur um 93% nemenda á námssviðinu heilbrigði, velferð (sjá töflu 2.2 hér að framan og mynd 2.2).




Í töflu 2.3 má sjá aldursdreifingu nemenda á tímabilinu 2005–2007, skipt eftir bóknámi og starfsnámi. Að meðaltali var um 21% nemenda 25 ára og eldri á tímabilinu og litlu lægra hlutfall, eða um 18%, á aldrinum 20–24 ára. Þar sem skiptingin miðast við aldur nemenda að hausti þýða þessar hlutfallstölur að um 40% nemenda á framhaldsskólastigi voru yfir þeim 16–20 ára aldursmörkum sem framhaldsskólastig miðast almennt við. Mynd 2.3 sýnir skiptingu nemenda í bóknám og starfsnám eftir aldursflokkum að hausti 2007.

Tafla 2.3 Fjöldi nemenda í bóknámi og starfsnámi eftir aldursflokkum að hausti 2005–2007

		16 ára og yngri	17 – 19 ára	20 – 24 ára	25 ára og eldri
2005	Bóknám	3.452	7.429	2.145	1.963
	Starfsnám	869	2.298	2.407	2.782
	Alls	4.321	9.727	4.552	4.745
2006	Bóknám	3.926	7.935	2.193	2.309
	Starfsnám	652	2.310	2.259	2.875
	Alls	4.578	10.245	4.452	5.184
2007	Bóknám	3.748	8.528	2.275	2.231
	Starfsnám	625	2.360	2.186	3.137
	Alls	4.373	10.888	4.461	5.368

Heimild: Hagstofa Íslands.



Skólasókn árganga 16–19 ára


Haustið 2005 hófu 94% 16 ára ungmenna nám í dagskóla framhaldsskólanna. Hlutfallið var 92% haustið 2006 og 93% haustið 2007. Tafla 2.4 sýnir að hlutfall nemenda við nám í hverjum árgangi 17–19 ára var talsvert lægra en við 16 ára aldur. Í öllum árgöngum 16–19 ára var hlutfall kvenna nokkru hærra en karla og jókst sá munur með hækkandi aldri. Tölurnar í töflu 2.4 eru vísbendingar um töluvert brottfall þar sem meirihluti námsbrauta og námssviða á framhaldsskólastigi er skipulagður sem fjögurra ára nám. Þó verður að gera ráð fyrir að einhver hluti nemenda hafi útskrifast af stuttum námsbrautum á aldrinum 17–19 ára eða hafi gert hlé á námi. Ekki er unnt að fullyrða neitt um námsframvindu út frá tölunum, t.d. hve hátt hlutfall 19 ára nemenda var á síðasta námsári eða námsmisseri.

Tafla 2.4 Hlutfallsleg (%) skólasókn árganga 16–19 ára dagskólanemenda eftir kyni, að hausti 2005, 2006 og 2007

	2005			2006			2007		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
16 ára	94	92	95	92	91	93	93	92	93
17 ára	83	81	84	83	82	85	82	80	84
18 ára	72	67	77	72	68	77	74	72	77
19 ára	67	63	70	66	61	71	66	64	69

Skýringar: Nemendur í reglubundnu námi frá og með fyrsta ári framhaldsskólastigs, innanlands og erlendis.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd 2.4 sýnir hlutfallslega skólasókn nemenda sem hófu nám í framhaldsskólum strax að loknum grunnskóla 16 ára og einnig skólasókn við 19 ára aldur eftir landsvæðum lögheimilis að hausti 2007. Skólaþátttaka 19 ára nemenda var kominn niður fyrir 70% á meirihluta landsvæða og skera Suðurnesin sig úr með 51% skólasókn 19 ára nemenda.



Sérkennsla

Sérkennsla í framhaldsskólum er ætluð nemendum með fötlun samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, 34. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og reglugerð um kennslu fatlaðra nemenda í framhaldsskólum nr. 372/1998. Tafla 2.5 sýnir fjölda nemenda sem nutu sérkennslu innan og utan starfsbrauta fyrir fatlaða á skólaárunum 2005/2006–2007/2008.

Tafla 2.5 Fjöldi nemenda í sérkennslu að hausti 2005–2007

Ár	Fjöldi
2005	262
2006	246*
2007	281

* Haustið 2006 var ekki starfrækt sérnámsbraut í einum skóla á höfuðborgarsvæðinu sem hafði verið árið 2005.
Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Brautskráningar

Tafla 2.6 sýnir fjölda brautskráðra nemenda eftir landsvæðum lögheimilis. Brautskráðum nemendum fjölgaði um 15% frá 2005/2006 til 2007/2008.

Tafla 2.6 Brautskráðir nemendur eftir landsvæðum, lögheimili og kyni, skólaárin 2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008

	2005/2006			2006/2007			2007/2008		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
Reykjavík	1.649	774	875	1.821	786	1.035	1.825	797	1.028
Höfuðborgarsvæði utan Rvk.	1.145	507	638	1.195	519	676	1.387	609	778
Suðurnes	278	130	148	267	125	142	400	179	221
Vesturland	308	155	153	286	156	130	347	171	176
Vestfirðir	140	59	81	136	63	73	144	80	64
Norðurland vestra	168	96	72	157	72	85	156	81	75
Norðurland eystra	438	218	220	456	231	225	560	297	263
Austurland	216	98	118	221	93	128	234	122	112
Suðurland	439	237	202	489	242	247	454	238	216
Erlendis	37	20	17	26	16	10	29	12	17
Alls	4.818	2.294	2.524	5.054	2.303	2.751	5.536	2.586	2.950


Heimild: Hagstofa Íslands.

Í töflu 2.7 má sjá að um 55% brautskráðra nemenda að meðaltali á tímabilinu voru 21 árs eða yngri. Það voru því um 45% nemenda sem voru 22 ára og eldri við brautskráningu, þar af voru um 30% 25 ára og eldri. Mynd 2.5 sýnir aldursskiptingu brautskráðra nemenda á því tímabili sem skýrslan nær til.

**Tafla 2.7 Brautskráðir nemendur eftir aldursflokkum
2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008**

	2005/2006	2006/2007	2007/2008
19 ára og yngri	640	731	790
20–21 árs	1.939	2.012	2.306
22–24 ára	807	806	762
25 ára og eldri	1.432	1.505	1.678
Alls	4.818	5.054	5.536

Heimild: Hagstofa Íslands.




Nokkuð er um að nemendur útskrifist af fleiri en einni braut. Brautskráningar úr framhaldsskólum voru að meðaltali 5.686 á skólaárunum 2005/2006 til 2007/2008 (sjá töflu 2.8). Talsverð fjölgun brautskráninga varð frá skólaárinu 2005/2006 til 2007/2008 eða 16%. Langfjölmennasti flokkur prófgráða var stúdentspróf. Sveinsprófum fjölgaði á tímabilinu um 11% og voru að meðaltali 650 á skólaári sem er talsverð fjölgun frá meðaltali fyrri skýrslu til Alþingis. Hlutfall kvenna af þeim sem luku sveinsprófi var lágt, eða að meðaltali 21% á tímabilinu, og er það sama hlutfall og í fyrri skýrslu sem náði yfir tímabilið frá 2002 til 2006. Önnur próf úr framhaldsskólum voru t.d. verslunarpróf, sjúkraliðapróf, skipstjórnarpróf og próf af listnámsbrautum.

Tafla 2.8 Brautskráningar á framhaldsskólastigi eftir prófgráðu kyni og ári 2005/2006–2007/2008

	2005/2006			2006/2007			2007/2008		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
Grunnpróf almennt	116	55	61	128	62	66	158	64	94
Grunnpróf starfsgreina	40	5	35	44	2	42	39	9	30
Grunnpróf úr iðn	60	58	2	111	104	7	128	119	9
Hæfnispróf	665	203	462	655	160	495	720	180	540
Réttindapróf starfsgreina	701	342	359	731	315	416	878	434	444
Burtfararpróf úr iðn	638	474	164	693	505	188	723	554	169
Sveinspróf	609	482	127	664	534	130	678	520	158
Stúdentspróf starfsgreina	320	147	173	347	160	187	404	168	236
Stúdentspróf almennt	2.154	861	1.293	2.234	835	1.399	2.422	971	1.451
Alls	5.303	2.627	2.676	5.607	2.677	2.930	6.150	3.019	3.131

Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd 2.6 sýnir fjölda brautskráninga eftir kyni. Konur voru í örlitlum meirihluta eða 51% að meðaltali.



Hlutfall brautskráðra tvítugra stúdenta var hæst skólaárið 2005/2006 eða 61%. Öll skólaárin var hlutfall brautskráðra kvenna með stúdentspróf sem hlutfall af tvítugum stúdentum miklu herra en karla eða á bilinu 71–77% (sjá töflu 2.9).

Tafla 2.9 Brautskráðir stúdentar á öllum aldri sem hlutfall af tölu tvítugra

	Alls	Karlar %	Konur %
2005/2006	61%	49%	73%
2006/2007	60%	44%	77%
2007/2008	58%	45%	71%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 2.10 sýnir brautskráningar nemenda með stúdentspróf eftir námsbrautum. Brautskráningar voru flestar af náttúrufræði- og félagsfræðibrautum öll árin.

Tafla 2.10 Brautskráningar með almennu stúdentsprófi eftir námsbraut og kyni, 2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008

	2005/2006			2006/2007			2007/2008		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
Málabrautir	285	52	233	255	40	215	283	47	236
Félagsfræðibrautir	788	297	491	885	307	578	939	357	582
Náttúrufræðibrautir	824	397	427	828	385	442	995	482	513
Viðskipta- og hagfræðibrautir	166	68	98	190	72	118	123	58	65
Alþjóðabraut	21	11	10	18	6	12	17	5	12
Viðbótarnám til stúdentsprófs	60	27	33	50	20	30	54	19	35
Annað	10	9	1	8	5	3	11	3	8
Alls	2.154	861	1.293	2.234	835	1.399	2.422	971	1.451

Heimild: Hagstofa Íslands.

Brottfall

Til að afla upplýsinga um brottfall skoðaði Hagstofa Íslands nám og námslok einstaklinga sem fæddir voru árið 1982 (4.352 einstaklingar) í nemendaskrá og prófaskrá til ársins 2006 sem er það ár þegar þessi árgangur náði 24 ára aldri. Niðurstöðurnar sýna að 62,1% árgangsins hafði lokið einhverju formlegu námi ofar grunnskóla á Íslandi árið 2006 en 37,9% engu formlegu námi. Langflestir höfðu lokið stúdentsprófi og voru brautskráningar úr bóknámi um 60% brautskráninga á framhaldsskólastigi. Þeir sem töldust hafa menntunarstöðu framhaldsskólastigs, þ.e. geta haldið áfram námi á næsta skólastigi fyrir ofan, voru 58,3% árgangsins.

Fleiri konur höfðu lokið námi en karlar. Þannig höfðu 65,8% kvenna í árganginum lokið námi á framhaldsskólastigi við 24 ára aldur en 51,4% karla. Fleiri íbúar á höfuðborgarsvæðinu höfðu lokið námi en nemendur á landsbyggðinni. Alls luku 62,4% þeirra sem voru búsettir í Reykjavík árið 1997 námi á framhaldsskólastigi en t.d. 48,3% íbúa á Suðurnesjum og á Vestfjörðum.

Úr 1982 árganginum höfðu 1.427 einstaklingar stundað nám að loknum grunnskóla á Íslandi án þess að hafa lokið námi árið 2006. Þar af var tæpur fjórðungur ennþá í námi haustið 2006, alls 334 nemendur. Í árganginum voru 224 einstaklingar sem ekki höfðu stundað nám á Íslandi að loknum grunnskóla eða 5,1% árgangsins.

3. Starfsfólk

Framhaldsskólakennarar og leiðbeinendur

Skólaárið 2007/2008 voru 78% starfsfólks við kennslu á framhaldsskólastigi með kennsluréttindi og var lítill munur á hlutfalli réttindakennara á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Er það nokkur breyting frá fyrri skýrslum. Hæst var hlutfall réttindakennara skólaárið 2005/2006 á höfuðborgarsvæðinu eða 80,5% (sjá töflu 3.1).

Tafla 3.1 Starfsfólk við kennslu eftir réttindum og búsetu í nóvember 2005, 2006 og 2007

	2005			2006			2007		
	Fjöldi við kennslu	Með kennslurétt.	Án kennslurétt.	Fjöldi við kennslu	Með kennslurétt.	Án kennslurétt.	Fjöldi við kennslu	Með kennslurétt.	Án kennslurétt.
Höfuðborgarsvæði	1.174	80,5%	19,5%	1.244	75,2%	32,9%	1.237	78,4%	21,6%
Utan höfuðborgarsvæðis	634	76,3%	23,7%	636	78,3%	27,7%	686	77,1%	22,9%
Alls	1.808	79,0%	21,0%	1.880	76,3%	23,7%	1.923	78,0%	22,0%

Heimild: Hagstofa Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Tafla 3.2 Fjöldi og hlutfall starfsfólks eftir kyni og starfsheiti 2005–2007

	2005/2006				2006/2007				2007/2008						
	Alls	Karlar Fj.	Hlutf.	Konur Fj.	Hlutf.	Alls	Karlar Fj.	Hlutf.	Konur Fj.	Hlutf.	Alls	Karlar Fj.	Hlutf.	Konur Fj.	Hlutf.
Skólameistarar	37	28	75,7%	9	24,3%	38	28	73,7%	10	26,3%	39	28	71,8%	11	28,2%
Aðstoðarskólameistarar	28	22	78,6%	6	21,4%	29	21	72,4%	8	27,6%	29	20	69,0%	9	31,0%
Sjómendur á kennsluviði	243	133	54,7%	110	45,3%	257	130	50,6%	127	49,4%	240	113	47,1%	127	52,9%
Framhaldsskólakennarar og leiðbeinendur	1.563	727	46,5%	836	53,5%	1.636	746	45,6%	890	54,4%	1.708	795	46,5%	913	53,5%
Sérfræðingar og sérhæfðir starfsmenn	23	9	39,1%	14	60,9%	27	10	37,0%	17	63,0%	21	6	28,6%	15	71,4%
Ráðgjafar og starfsfólk á bókasafni	160	28	17,5%	132	82,5%	142	18	12,7%	124	87,3%	145	15	10,3%	130	89,7%
Skrifstofustörf, tölvuvinna o.fl.	149	46	30,9%	103	69,1%	137	43	31,4%	94	68,6%	153	44	28,8%	109	71,2%
Rekstur húsnæðis og annað starfsfólk	260	75	28,8%	185	71,2%	266	71	26,7%	195	73,3%	278	79	28,4%	199	71,6%
Alls	2463	1068	43,4%	1395	56,6%	2532	1067	42,1%	1465	57,9%	2.613	1100	42,1%	1513	57,9%


Heimild: Hagstofa Íslands.

Stjórnendur

Konum í starfi skólameistara og aðstoðarskólameistara fjölgaði nokkuð frá fyrra tímabili og voru þær rúmlega 28% skólameistara og 30% aðstoðarskólameistara 2007/2008. Sama skólaár voru konur komnar í meirihluta stjórnenda á kennslusviði. Þær voru öll árin í meirihluta framhaldsskólakennara og leiðbeinenda, svo og í öðrum störfum innan framhaldsskólanna (sjá töflu 3.2 og mynd 3.1).

Annað starfsfólk

Starfsfólk, annað en stjórnendur og kennarar, s.s. skrifstofufólk, sérfræðingar og starfsfólk við rekstur húsnæðis var um 23% starfsmanna í framhaldsskólum skólaárið 2007/2008 (sjá töflu 3.2 og mynd 3.1).




Aldur starfsfólks við kennslu

Tafla 3.3 sýnir aldursdreifingu starfsfólks við kennslu í framhaldsskólum að hausti 2005–2007. Þar má sjá að skólaárið 2007/2008 voru aðeins 7% starfsfólks við kennslu 29 ára og yngri. Sama skólaár var fjölmennasti aldurshópurinn við kennslu 50–59 ára og var hlutfall þessa aldurshóps þá um 33%. Hlutfall 50 ára og eldri var um 47% og hafði hækkað nokkuð frá fyrri skýrslu (sjá töflu 3.3 og mynd 3.2).

Tafla 3.3 Starfsfólk við kennslu eftir aldursflokkum í nóvember 2005–2007

	2005/2006		2006/2007		2007/2008	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
29 ára og yngri	106	6,0%	113	6,1%	131	7,0%
30–39 ára	328	18,5%	324	17,6%	318	16,9%
40–49 ára	537	30,3%	565	30,6%	548	29,1%
50–59 ára	571	32,2%	609	33,0%	617	32,8%
60 ára og eldri	230	13,0%	234	12,7%	266	14,1%

Heimild: Hagstofa Íslands.



Endurmenntun

Alþingi veitir árlega fê á fjárlögum til endurmenntunar framhaldsskólakennara (sjá kafla 6). Endurmenntunarnefnd framhaldsskólakennara, sem skipuð er af mennta- og menningarmálaráðherra, ákveður framboð á endurmenntun á þessu skólastigi í samráði við faggreinafélög kennara og ráðuneyti. Endurmenntun Háskóla Íslands sér um framkvæmd endurmenntunarnámskeiðanna.

Tafla 3.4 sýnir fjölda þátttakenda í endurmenntunarnámskeiðum fyrir framhaldsskólakennara og leiðbeinendur. Annars vegar er um að ræða þátttöku í faggreinanámskeiðum sem

haldin voru innanlands og í sumum tilvikum erlendis og hins vegar þátttöku í námi samhliða kennslu. Í töflunni má sjá almennt meiri þátttöku kvenna en karla í faggreinanámskeiðum og í námi samhliða starfi og voru konur rúmlega tveir þriðju þátttakenda á þessum námskeiðum.

Tafla 3.4 Fjöldi þátttakenda á endurmenntunarnámskeiðum 2006–2008

	Faggreinanámskeið			Nám samhliða kennslu			Þátttaka
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Alls
2006	228	426	654	8	31	39	693
2007	170	379	549	18	62	80	629
2008	148	327	475	42	76	118	593
Alls	546	1.132	1.678	68	169	237	1.915

Heimild: Endurmenntun Háskóla Íslands.

Námsorlof

Námsorlof framhaldsskólakennara og skólameistara voru 29 skólaárið 2005/2006 en fjölgaði í 33 frá og með skólaárinu 2006/2007 (sjá töflu 3.5). Orlofsþegar voru nokkru fleiri þar sem nokkrum umsækjendum er úthlutað hálfu orlofi á grundvelli umsókna þar um.

Tafla 3.5 Fjöldi námsorlofa 2005/2006–2007/2008

Skólaár	Fjöldi umsókna	Fjöldi orlofsþega	Stöðugildi
2005/06	84	36	29
2006/07	91	36	33
2007/08	111	39	33
Alls	286	111	95

Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Laun framhaldsskólakennara og leiðbeinenda

Í töflu 3.6 má sjá meðaltal mánaðarlauna framhaldsskólakennara og leiðbeinenda árin 2006–2008, þ.e. dagvinnulaun, yfirvinnulaun, önnur laun og heildarlaun. Fram kemur m.a. að meðaltal heildarmánaðarlauna á árinu 2008 var tæplega 452 þúsund krónur og hafði hækkað um 26% frá árinu 2006 þegar meðaltalið var um 385 þúsund krónur. Meðaltalshlutfall yfirvinnu og annarra launa var um 27% árið 2008. Taflan sýnir einnig nokkurn launamun kynja, sérstaklega þegar litið er til heildarlauna.

Tafla 3.6 Meðaltal mánaðarlauna kennara 2006, 2007 og 2008 (kr.)

	2006			2007			2008		
	Konur	Karlar	Meðallaun	Konur	Karlar	Meðallaun	Konur	Karlar	Meðallaun
Dagvinnulaun	277.299	283.208	280.138	297.511	303.046	300.129	325.781	329.986	327.748
Yfirvinnulaun	80.276	131.373	104.822	84.557	146.725	113.963	93.569	151.761	120.788
Önnur laun	648	763	703	580	562	572	3.257	3.067	3.168
Heildarlaun	358.224	415.345	385.664	382.648	450.333	414.663	422.606	484.814	451.704

Heimild: Fjárhagsbókhald ríkissjóðs.

Skýringar: Meðaltal er reiknað út frá ársstörfum í dagvinnu. Flokkun á milli dagvinnulauna og annarra launa er ekki fyllilega samanburðarhæf vegna breytinga á flokkun. Flestir af þeim þáttum sem áður voru flokkaðir sem önnur laun eru nú inni í dagvinnulaunum. Heildarniðurstaða er þó samanburðarhæf við fyrri ár.

4. Mat

Námsmat

Samkvæmt 24. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 sem í gildi voru á því tímabili sem skýrsla þessi nær til var almennt námsmat í höndum kennara og deildarstjóra. Námsmatið skyldi byggjast á markmiðum skólastarfs í samræmi við aðalnámskrá og skólanámskrá. Í samræmi við fyrrnefnda lagagrein og reglugerð nr. 196/2003 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra stúdentsprófa voru haldin samræmd stúdentspróf í íslensku, ensku og stærðfræði á vor- og haustmisseri árið 2005. Lagaákvæði um samræmd stúdentspróf var fellt úr gildi í maí 2006.

Námi í löggiltum iðngreinum lýkur með sveinsprófi. Mennta- og menningarmálaráðherra kveður á um framkvæmd sveinsprófa með reglugerð og skipar sveinsprófsnefndir sem m.a. bara ábyrgð á samningu sveinsprófa.

Innra og ytra mat

Í eldri lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996 voru ákvæði þess efnis að sérhverjum skóla bæri að innleiða aðferðir til að meta skólastarfið og að á fimm ára fresti ætti menntamálaráðuneyti að fela utanaðkomandi aðilum að gera úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla. Ákvæði um úttektir á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla kom fyrst til framkvæmda vorið 2002 og stóð fyrsta umferð úttekta til vors 2003. Önnur umferð úttekta hófst í febrúar 2007 og lauk haustið 2008.

Á úttektartímabilinu 2007–2008 voru gerðar úttektir á sjálfsmatsaðferðum 29 framhaldsskóla. Að undangenginni auglýsingu var utanaðkomandi aðilum, í samræmi við lagaákvæðið, falið að vinna úttektirnar.

Í úttektunum var lagt mat á stöðu sjálfsmats, sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmatsins í skólunum. Þau viðmið sem lágu til grundvallar við mat á sjálfsmatsaðferðum eru skilgreind í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla frá 2004. Þar kemur fram að sjálfsmatið eigi að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Helstu niðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum í 29 framhaldsskólum á tímabilinu 2007–2008 eru að í 24 skólum hafði farið fram kerfisbundið sjálfsmat á öllum helstu þáttum skólastarfsins, í þremur skólum hafði farið fram kerfisbundið sjálfsmat á tilteknum þáttum skólastarfsins og í tveimur skólum höfðu einstakar tilraunir við sjálfsmat verið gerðar um afmarkaða þætti skólastarfsins. Niðurstöður úttektanna sýna umtalsvert betri niðurstöður en í fyrri umferð úttektanna á árunum 2002–2003 og gerð var grein fyrir í síðustu skýrslu ráðherra til Alþingis.

Í eftirfarandi töflu má sjá samantekt á niðurstöðum úttekta á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla 2007–2008.

Tafla 4.1 Úttektir á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla

Sjálfsmatsaðferðir taldar:	Fjöldi	Hlutfall
Fullnægjandi	23	79%
Fullnægjandi að hluta	4	14%
Ófullnægjandi	2	7%
Alls	29	100%

Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Megintilgangur ytra mats á skólum er að fá heildarmynd af skólastarfinu eða einstökum þáttum þess. Skoðaðir eru ýmsir þættir í innra starfi skólanna, s.s. stjórnun, kennsla, samskipti, samstarf, námsárangur, skólaandi og tengsl við samfélagið utan skólans.

Á grundvelli reglugerðar nr. 139/1997 um eftirlit með starfi framhaldsskóla og námsefni og um ráðgjöf vegna kennslu og þróunarstarfa fara fram úttektir á starfsemi framhaldsskóla. Slíkar úttektir geta miðast við ákveðna þætti skólastarfs eða heildarmat á starfi einstakra framhaldsskóla.

Á því tímabili sem skýrsla þessi nær til hafa verið gerðar heildarúttektir á starfi eftirfarandi stofnana: Menntaskólanum á Ísafirði, Fjölbrautaskóla Snæfellinga, Fjölmennt (fullorðinsfræðslu fatlaðra) og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Upplýsingar um einstakar úttektir er að finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis (www.menntamalaraduneyti.is).

5. Aðstaða

Húsnæði framhaldsskóla

Fasteignir ríkissjóðs annast rekstur mikils meirihluta alls framhaldsskóláhúsnæðis og greiða skólarnir húsaleigu sem nægja á fyrir öllum rekstrarútgjöldum, s.s. viðhaldi, sköttum og tryggingum. Öðruvísi er þó háttáð um húsnæði nokkurra skóla. Þannig voru Menntaskólinn í Reykjavík og Menntaskólinn að Laugarvatni enn í húsnæði sem rekið er af mennta- og menningarmálaráðuneyti. Verzlunarskóli Íslands, Iðnskólinn í Hafnarfirði, Fjölbrautaskóli Snæfellinga og Menntaskóli Borgarfjarðar störfuðu í einkareknu húsnæði og loks var Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu í húsnæði sem ríkissjóður á en Sveitarfélagið Hornafjörður rekur. Enn sem fyrr var notast við reiknilíkan til þess að ákvarða fjárveitingar til skólanna og tóku þær einkum mið af nemendafjölda en einnig að hluta af raunstærð húsnæðis.

Nýbyggingar

Árið 2006 var lokið byggingu nýrrar 2.100 m² kennsluálmú við Menntaskólann á Egilstöðum. Árið 2007 var tekin í notkun 3.125 m² álma við Menntaskólann í Hamrahlíð, sem hýsir m.a. íþróttasali, nokkrar raungreinastofur og bókasafn. Loks var lokið við byggingu 2.650 m² kennsluálmú við Flensborgarskólann í Hafnarfirði árið 2007. Árið 2005 var lokið gerð sundlaugar við Framhaldsskólann á Laugum. Á árunum 2005 til 2007 var þannig lokið framkvæmdum við tæplega 7.900 m² framhaldsskóláhúsnæðis en einnig var á sama tíma samið um viðbyggingar við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, Fjölbrautaskólann við Ármúla, Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi og Verkmenntaskóla Austurlands.

6. Fjárveitingar til framhaldsskólastigs

Reiknilíkan og skólasamningar

Helsta breytingin sem gerð var á reiknilíkani framhaldsskóla á tímabilinu 2005–2007 var að árið 2007 voru starfsbrautir skólanna færðar úr sérverkefnum líkansins í hið eiginlega líkan. Vegna færslunnar voru sett ný viðmið í flokkun kennsluhópa og rekstrarframlaga. Sama ár voru gerðar nokkrar breytingar á forsendum líkansins, hópsterðarviðmið í tölvugreinum var hækkað úr 15 nemendum í 18 nemendur og í raungreinum úr 20 nemendum í 22 nemendur. Þá var nýtingarkrafan fyrir bóklega áfanga, fagbóklega áfanga og raungreinaáfanga auk hægferða hækkuð úr 77,46% í 79,1%. Ennfremur var hlutfall framlags til viðhalds- og endurnýjunar af reiknuðum tækjabúnaði hækkað úr 4% í 6,064%.

Árið 2006 voru skólasamningar endurnýjaðir til þriggja ára. Samningarnir voru verulega endurskoðaðir, sem fólst einkum í nánara samráði við framhaldsskólana um nemenda-tölur og um forsendur reiknilíkansins.

Útgjöld til framhaldsskólastigs

Framlög hins opinbera til framhaldsskóla sem hlutfall af vergri landsframleiðslu voru árin 2005–2008 á bilinu 1,25–1,42%, hæst árið 2006 og lægst árið 2008 (sjá töflu 6.1). Kostnaður hins opinbera á hvern nemanda hækkaði frá árinu 2005 til ársins 2008 úr 711 þúsund kr. í 818 þús. kr. eða um 15%. Útgjöld ríkissjóðs vegna framhaldsskólastigs hækkuðu um 29% frá 2005–2008. Í öllum tilvikum er miðað við verðlag viðkomandi árs.

Tafla 6.1 Útgjöld til framhaldsskólastigs 2005–2008

	2005	2006	2007	2008
<i>Útgjöld hins opinbera í millj. króna</i>	14.296	16.625	17.158	18.468
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	1,39%	1,42%	1,32%	1,25%
Kostnaður hins opinbera á nemanda í þús. kr.	711	783	776	818
<i>Útgjöld ríkissjóðs í millj. króna</i>	13.605	16.232	16.615	17.563
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	1,33%	1,39%	1,28%	1,19%
Kostnaður ríkisins á nemanda í þús. kr.	677	764	751	778
<i>Útgjöld sveitarfélaga í millj. króna</i>	699	792	899	1.112
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	0,07%	0,07%	0,07%	0,08%
Kostnaður sveitarfélaga á nemanda í þús. kr.	103	104	105	106
<i>Útgjöld heimila í millj. króna</i>	1.613	1.871	2.033	2.139
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	0,16%	0,16%	0,16%	0,14%
Kostnaður heimila á nemanda í þús. kr.	80	88	92	95
<i>Verg landsframleiðsla</i>	1.026.718	1.168.183	1.301.409	1.476.464
<i>Fjöldi nemenda á framhaldsskólastigi *</i>	20.099	21.236	22.110	22.586

*Um er að ræða fjölda nemenda á framhaldsskólastigi í dagskóla.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Í töflu 6.2 er að finna upplýsingar um fjárveitingar og fjárheimildir til þeirra framhaldsskóla sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti svo og niðurstöðutölur um heildarútgjöld skólanna á rekstrarárinu.

Tafla 6.2 Framlög til reksturs framhaldskóla samkvæmt fjárlögum, fjárheimildum og ríkisreikningi 2005, 2006 og 2007 í þús. kr.

Stofnun	2005			2006			2007		
	Fjárlög	Fjárheimildir	Ríkisreikn.	Fjárlög	Fjárheimildir	Ríkisreikn.	Fjárlög	Fjárheimildir	Ríkisreikn.
Borgarhótelsskóli	576.400	648.796	645.109	674.900	712.293	720.253	719.400	799.176	769.184
Fjölbraitaskóli Norðurlands vestra	239.000	257.217	252.784	254.000	281.443	278.410	264.200	338.153	298.730
Fjölbraitaskóli Snæfellinga	81.700	118.591	119.858	141.300	143.662	140.954	168.000	177.158	178.454
Fjölbraitaskóli Suðurlands	427.100	478.596	498.245	516.800	539.674	522.814	581.700	600.924	609.003
Fjölbraitaskóli Suðurnesja	450.900	506.870	497.426	527.400	572.881	549.069	604.300	611.979	612.172
Fjölbraitaskóli Vesturlands	329.500	363.090	359.985	366.400	371.963	379.562	387.700	428.262	421.870
Fjölbraitaskólinn í Armúla	492.800	589.752	619.066	618.800	721.055	703.142	691.100	753.036	775.247
Fjölbraitaskólinn í Breiðholti	693.900	740.491	736.986	729.400	838.739	822.425	870.000	760.471	918.987
Fjölbraitaskólinn í Garðabæ	335.900	360.143	399.837	381.400	383.113	401.059	385.800	505.965	442.136
Fjöltekniskóli Íslands	0	-1.513	0	251.900	276.071	286.608	293.400	318.303	306.252
Flensborgarskóli	287.300	325.970	334.631	330.100	383.132	382.911	411.200	487.393	446.684
Framhaldsskólinn á Húsavík	100.300	110.481	99.970	119.100	111.282	100.504	125.800	128.180	119.273
Framhaldsskólinn á Laugum	90.000	93.903	111.010	90.900	117.807	118.248	120.400	143.675	139.750
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	79.000	82.285	84.732	81.300	94.227	98.155	92.700	140.030	124.935
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	133.900	138.353	140.729	144.200	153.506	152.612	159.600	176.522	169.380
Íönskólinn í Hafnarfirði	414.000	436.526	426.516	480.000	467.044	461.917	487.900	544.948	508.409
Íönskólinn í Reykjavík	1.005.000	1.057.441	1.042.450	1.084.700	1.125.907	1.121.583	1.135.500	1.201.014	1.209.424
Kvennaskólinn í Reykjavík	244.800	273.527	255.778	272.900	291.025	291.493	282.000	307.070	302.241
Menntaskóli Borgarfjarðar	0	0	0	0	0	0	52.000	55.800	52.000
Menntaskólinn að Laugarvatni	114.500	120.000	119.722	123.400	128.004	135.952	135.100	161.741	127.068
Menntaskólinn á Akureyri	329.600	369.518	372.816	356.900	396.541	399.559	421.400	468.992	436.560
Menntaskólinn á Egilsstöðum	174.300	197.124	193.781	215.800	214.779	216.306	232.100	224.439	238.634
Menntaskólinn á Ísafirði	182.600	209.187	224.716	206.000	215.284	231.096	214.300	250.021	234.900
Menntaskólinn Hraðbraut	155.700	155.700	155.700	163.300	163.200	163.200	163.500	163.800	163.800
Menntaskólinn í Kópavogi	577.300	626.711	580.190	622.600	672.328	642.338	634.400	701.862	690.800
Menntaskólinn í Reykjavík	378.100	416.583	413.127	420.900	448.043	443.481	424.600	472.929	476.812
Menntaskólinn við Hamrablót	508.300	573.907	578.364	586.700	621.259	650.223	622.400	713.611	707.328
Menntaskólinn við Sund	331.400	374.743	358.595	356.700	395.623	393.908	383.400	412.202	427.983
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	64.100	89.571	69.307	0	0	0	0	0	0
Verkmennaskóli Austurlands	132.900	142.857	139.928	152.100	170.624	152.208	165.800	185.172	173.194
Verkmennaskólinn á Akureyri	686.600	767.415	800.173	822.700	862.640	869.781	865.200	978.362	936.869
Vélskóli Íslands	155.800	240.562	214.705	0	0	0	0	0	0

Heimild: Ríkisreikningur.

Skýringar: Fjárheimild nær til samþykktra fjárheimilda fyrir viðkomandi reikningsár, þ.e. samkvæmt fjárlögum ársins, fjárukaulögum ársins, fjárukaulögum ársins eða millifærslum af öðrum fjárlögum, s.s. safnildum og vegna launa- og verðbóta.

Ríkisreikningur sýnir rekstrargrunn bókhalds, þ.e. heildartúgild skólanna á rekstrarárinu að frádrögnum sértekjum.

Sérkennsla

Í töflu 6.3 má sjá fjárveitingar til sérkennslu í framhaldsskólum á árunum 2005–2008. Fjárframlögin hækkuðu um 24% frá árinu 2005 til ársins 2008, miðað við verðlag hvers árs.

Tafla 6.3 Fjárframlög til sérkennslu 2005–2008

Ár	Millj. kr.
2005	334,7
2006	381,0
2007	388,0
2008	532,4

Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Endurmenntun

Í töflu 6.4 má sjá fjárframlög á fjárlögum til endurmenntunar framhaldsskólakennara 2006–2008. Samtals var varið 123 milljónum til þessa málaflokks á tímabilinu.

Tafla 6.4 Fjárframlög til endurmenntunar 2006–2008

Ár	Upphæð
2006	39.000.000
2007	40.000.000
2008	44.000.000
Alls	123.000.000

Skýringar:

Hér er um að ræða framlög sem endurmenntunarnefnd framhaldsskóla ráðstafar til námskeiðahalds.

Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Þróunarsjóður framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu

Árið 2007 var síðast úthlutað úr þróunarsjóði framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu. Sjóðurinn starfaði á grundvelli 45. gr. þágildandi laga um framhaldsskóla nr. 80/1996. Alþingi veitti árlega fé til sjóðsins. Sá sérstök ráðgjafarnefnd um að meta umsóknir og gera tillögur til menntamálaráðherra um styrkveitingar. Með nýjum lögum um framhaldsskóla 2008 var stofnaður nýr þróunarsjóður, Sprotasjóður, sem veitir styrki til leik-, grunn-, og framhaldsskóla. Engin úthlutun var árið 2008.

Á árunum 2005–2007 var styrkjum úthlutað til 135 þróunarverkefna. Heildarstyrkveitingar á tímabilinu námu 62.900.000 kr. og greinast sem hér segir:

Tafla 6.5 Styrkveitingar úr Þróunarsjóði framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu 2005–2007

Ár	Heildarstyrkveitingar í þús. kr.	Fjöldi styrktra verkefna
2005	15.800	41
2006	17.100	42
2007	30.000	52

Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Upplýsingar um styrkveitingar til einstakra skóla og verkefna úr þróunarsjóði framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu er að finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis (www.menntamalaraduneyti.is).

Styrkir til námsefnisgerðar

Alþingi veitti árlega á fjárlögum styrki til útgáfu og gerðar námsefnis í bóklegum og verklegum námsgreinum á framhaldsskólastigi. Á árunum 2005–2007 (sjá töflu 6.6) voru samtals veittar 76,6 milljónir króna til málaflokksins. Hlutverk styrkjanna var að bæta úr skorti á námsefni í ýmsum námsgreinum, auka framboð á námsefni á íslensku og bæta gæði þess. Nefnd skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra mat umsóknir og gerði tillögu til ráðherra um úthlutun. Frá og með árinu 2008 fara fjárveitingar til málaflokksins fram úr Þróunarsjóði námsgagna sem veitir styrki til námsefnisgerðar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi skv. lögum um námsgögn nr. 71/2007.

Tafla 6.6
Styrkir til námsefnisgerðar
á framhaldsskólastigi 2005–2007

Ár	Upphæð í þús. kr.
2005	19.300
2006	31.200
2007	26.100

Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

7. Alþjóðlegt samstarf

Evrópskt samstarf um menntamál

Með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu urðu Íslendingar fullgildir aðilar að samstarfsáætlunum Evrópusambandsins á sviði menntamála og vísinda. Sókrates- og Leonardo-áætlanirnar frá 1995 veittu íslenskum framhaldsskólum möguleika á þátttöku í margvíslegum samstarfsverkefnum á milli skóla í Evrópu, kennara- og nemendaskiptum og námskeiðum. Algengast er að evrópsku samstarfsverkefnin standi yfir í þrjú ár. Þriðja menntaáætlun Evrópusambandsins „Lifelong learning programme“ hófst í janúar 2007 og stendur til 2013. Áætlunin sameinar undir einum hatti stuðning Evrópusambandsins við menntun á öllum stigum, frá leikskóla til háskóla og jafnframt fullorðinsfræðslu. Menntaáætlunin styður við það markmið Evrópusambandsins að verða eitt helsta þekkingarsamfélag heims.

Ísland hlaut styrk frá Evrópusambandinu á árinu 2006 til þess að þróa ýmsa þætti stefnu um ævinám (*lifelong learning*). Settir voru á laggirnar rýnihópar skipaðir sérfræðingum sem fjölluðu um ramma um lærdómsviðmið (*qualifications framework*), menntun kennara, háskólamenntun, raungreinanám og fleira. Sumar af tillögum rýnihópanna rötuðu inn í lagafrumvörp um menntamál sem Alþingi samþykkti árið 2008. Meðal þess sem kveðið er á um í lögum nr. 92/2008 og tengist þessu eru reglur um þrepaskiptingu náms í viðmiðaramma og um rétt til raunfærnimats. Stefnit er að því að viðmiðaramminn íslenski geti tengst evrópska viðmiðarammanum (*European Qualifications Framework*, EQF) sem mun gera menntun gagnsærri innan Evrópu og auðvelda mat og viðurkenningu á menntun á milli landa. Þá hafa EFTA-ríkin tekið inn í EES-samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar um evrópskt einingakerfi í starfsmenntun (ECVET) og um lykilhæfni (*key competences*) sem felur í sér möguleika á auknu og nánara samstarfi í menntamálum innan Evrópu.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur verið aðili að samstarfi menntavefja í Evrópu, Evrópska skólanetinu, en að því standa 28 ráðuneyti ýmissa Evrópuþjóða, auk Evr-

ópusambandsins og stofnana í einkaeign. Ísland var einnig aðili að Norræna skólanetinu á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar en það var lagt niður árið 2006. Auk samstarfs á vegum Evrópusambandsins tók Ísland þátt í samstarfi Norðurlanda, Hollands og Kanada um upplýsingatækni í menntun, ICT-League.

Norrænt samstarf um menntamál

Nordplus-menntaáætlunin er starfrækt á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Nordplus junior veitir styrki til nemendaferða og þátttöku á námskeiðum fyrir nemendur í grunn- og framhaldsskólum og til nemenda í starfsnámi til að taka hluta af námi sínu á Norðurlöndunum. Nordplus sprog veitir styrki til skólaheimsóknna þar sem norræn mál eru viðfangsefni ferðarinnar.

Í apríl 2007 var endurnýjaður samningur á milli menntamálaráðuneyta Íslands og Danmerkur um sérstakan stuðning við dönskukennslu á Íslandi. Samningurinn nær til fjögurra ára, frá 1. ágúst 2007 til 31. júlí 2011 og er framhald af tveimur fyrri samningum um stuðning við dönskukennslu á tímabilinu 2001–2003 og 2003–2007. Samstarfsverkefnið er fjármagnað af menntamálaráðuneytum beggja landanna. Í samningunum er m.a. kveðið á um ráðningu dansks sendikennara á háskólastigi, ráðningu danskra farkennara og aðstoðarkennara til starfa í grunn- og framhaldsskólum landsins og verkefni á sviði endurmenntunar kennara, námsefnisgerðar, þróunar og rannsókna. Sérstök samstarfsnefnd Dana og Íslendinga hefur umsjón með framkvæmd samningsins.

8. Ný lög um framhaldsskóla

Menntamálaráðherra skipaði hinn 6. júní 2006 nefnd til að annast heildarendurskoðun laga um framhaldsskóla nr. 80/1996. Með nefndinni störfuðu nokkrir starfshópar og nefndir. Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar skyldi nefndin m.a. vinna að útfærslu á eftirfarandi markmiðum:

- Að auka samfellu í skólastarfi og stuðla að bættum námsárangri,
- að sem flestir ljúki skólagöngu með skilgreindum námslokum úr framhaldsskóla,
- að allir nemendur eigi kost á námi við hæfi,
- að góð tengsl séu við aðliggjandi skólastigi,
- að marka skýrar leiðir fyrir nemendur til að stunda nám við hæfi og skapa skilyrði fyrir aukinn sveigjanleika í námi.

Frumvarp til nýrra laga um framhaldsskóla var lagt fram á 135. löggjafarþingi. Samhliða frumvarpinu voru lögð fyrir Alþingi frumvarp um leikskóla og frumvarp um grunnskóla en ný lög um háskóla höfðu tekið gildi í júní 2006. Framhaldsskólafrumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi 12. júní 2008 og tóku þau gildi 1. ágúst sama ár. Lögin fela í sér veigamiklar breytingar á skipulagi náms á framhaldsskólastigi. Helstu breytingarnar eru:

- Réttur nemenda til skólavistar og náms til 18 ára aldurs er tryggður í lögnum (fræðsluskylda).
- Sveigjanleiki námsskipulags er aukinn, námsleiðum fjölgað og skilyrði sköpuð fyrir fleiri til að ljúka skilgreindu námi, s.s. með framhaldsskólaprófi.
- Framhaldsskólum er veitt frelsi til að þróa sérstakar námsbrautir sem byggja á sérstöðu þeirra og styrkleika og spurn eftir sérhæfðum námsleiðum og úrræðum.
- Dregið úr miðstýringu á námsframboði og í námskrárgerð en ábyrgð framhaldsskóla aukin á þessum þáttum.
- Mat á vinnu nemenda í öllu námi á framhaldsskólastigi er gert gagnsætt og stúdentspróf af bóknáms- og verknámsbrautum metin jafngild.

- Ráðgjöf og stuðningur við nemendur er eflur.
- Leitast er við að tryggja gæði náms með því að stórefla mat og eftirlit og með stuðningi við umbætur í skólastarfi.

Niðurstöður og staða mála

Nemendum á framhaldsskólastigi fjölgaði um 7% frá haustinu 2005 til haustsins 2007. Nemendum í kvöldskóla fækkaði á tímabilinu en fjölgaði í fjarnámi um 58%. Einungis um þriðji hluti nemenda var á starfsnámsbrautum framhaldsskólanna og er það svipað hlutfall og árin á undan. Mikill meirihluti nemenda á aldursbilinu 16–19 ára stundaði bóknám en eftir 20 ára aldur var hlutfall nemenda í starfsnámi orðið herra. Konur voru 52% af heildarfjölda framhaldsskólanemenda haustið 2008. Talsverður kynjamunur var á mörgum námsbrautum og námssviðum framhaldsskólastigsins. Konur voru t.d. 78% nemenda á mála- brautum en um 47% nemenda á náttúrufræðibrautum. Á námssviðinu heilbrigði og velferð voru konur um 93% nemenda en karlar voru um 92% nemenda á námssviðinu framleiðsla, tækni, mannvirkjagerð.

Mikil aldursbreidd er í hópi framhaldsskólanemenda. Stór hluti nemenda var yfir þeim fjögurra ára aldursmörkum sem framhaldsskólanám miðast almennt við. Um 21% framhaldsskólanemenda var 25 ára og eldri og 18% á aldrinum 20 til 24 ára. Hlutfallsleg skóla- sókn 16 ára á landinu að hausti 2007 var 93% en 66% meðal 19 ára.

Brautskráðum nemendum fjölgaði um 15% frá 2005/2006 til 2007/2008. Við braut- skráningu voru að meðaltali á tímabilinu um 45% nemenda 22 ára og eldri. Langfjöl- mennasti flokkur prófgráða var stúdentspróf. Hlutfall brautskráðra stúdenta á öllum aldri af tölu tvítugra var 58% 2007/2008. Sveinsprófum fjölgaði á tímabilinu um 11%. Skóla- árið 2007/2008 voru konur um 60% þeirra sem luku stúdentsprófi en um 21% þeirra sem luku sveinsprófi. Brottfall var sem fyrr umtalsvert. Við 24 ára aldur (2006) höfðu um 62% árgangsins sem fæddur var 1982 lokið einhverju formlegu námi ofar grunnskóla. Tæplega 66% kvenna í árganginum höfðu lokið námi á framhaldsskólastigi en rúmlega 52% karla.

Skólaárið 2007/2008 voru 78% starfsfólks við kennslu í framhaldsskólum með kennslu- réttindi. Skólaárið 2007/2008 var hlutfall kennara 50 ára og eldri orðið um 47% og kennara 29 ára og yngri 7%. Ennþá var ójafnvægi kynja í launum og stjórnunarstöðum. Konur voru um 28% skólameistara og 31% aðstoðarskólameistara 2007/2008. Heildarlaun karla voru um 15% hærri en kvenna á árinu 2008.

Útgjöld ríkissjóðs vegna framhaldsskólastigs hækkuðu miðað við verðlag hvers árs um 29% frá 2005 til 2008. Kostnaður ríkisins á hvern nemanda hækkaði á sama tíma um 15%.

Á árunum 2009 og 2010 hefur þurft að skera niður útgjöld ríkisins til framhaldsskóla og við blasir frekari niðurskurður í ríkisútgjöldum til ársins 2013. Á sama tíma fjölgar nemendum, bæði vegna þess að herra hlutfall nemenda hefur nám á framhaldsskólastigi að loknum grunnskóla og einnig vegna aukins atvinnuleysis. Á móti kemur að nokkur fækkun er fyrir séð í hópi þeirra sem ljúka grunnskólanámi á næstu árum. Ljóst er að búast má við aukinni sókn nemenda í framhaldsskóla bæði vegna þess sem að framan greinir og einnig vegna þess að hluti brottfallsnemenda frá fyrri árum mun sækjast eftir því að ljúka námi. Mikilvægt er að unnt verði að bregðast við þeirri þörf. Á sama tíma er unnið að því að inn- leiða nýleg lög um framhaldsskóla sem m.a. gera kröfur um breytingar á námsframboði, ekki síst á sviði starfsmenntunar.

Viðauki 1**Framhaldsskólar skólaárið 2007–2008, skipt eftir landsvæðum****Reykjavík**

Borgarholtsskóli
 Fjöltækniskóli Íslands
 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
 Fjölbrautaskólinn við Ármúla
 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík
 Iðnskólinn í Reykjavík

Kvennaskólinn í Reykjavík
 Menntaskólinn í Reykjavík
 Menntaskólinn við Hamrahlíð
 Menntaskólinn við Sund
 Verzlunarskóli Íslands

Menntaskólinn Hraðbraut
 Kvikmyndaskóli Íslands

Höfuðborgarsvæði utan Rvk.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
 Flensborgarskóli
 Iðnskólinn í Hafnarfirði
 Menntaskólinn í Kópavogi
 Snyrtiakademían

Suðurnes

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Vesturland

Fjölbrautaskóli Vesturlands
 Fjölbrautaskóli Snæfellinga
 Menntaskóli Borgarfjarðar

Vestfirðir

Menntaskólinn á Ísafirði

Norðurland vestra

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Norðurland eystra

Framhaldsskólinn á Húsavík
 Framhaldsskólinn á Laugum
 Menntaskólinn á Akureyri
 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Austurland

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu
 Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað
 Menntaskólinn á Egilsstöðum
 Verkmenntaskóli Austurlands

Suðurland

Fjölbrautaskóli Suðurlands
 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
 Menntaskólinn að Laugarvatni

Fjöltækniskólinn og Iðnskólinn í Reykjavík sameinuðust haustið 2008 í Tækniskólann, skóla atvinnulífsins.

Búfræðinám á framhaldsskólastigi fer fram í Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla.